357. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ

16. september 2026 kl. 12.10

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson(SJ), Birna Lárusdóttir (BL), Kári Mímisson (KM).

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Kristín Birna Ólafsdóttir (KBÓ) Afreksstjóri ÍSÍ.

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ)

1. **Fjárhæð til úthlutunar 2027.**

KSR upplýsti að skv. bókhaldi ASJ er eigið fé sjóðsins um 122mkr. þegar tekið hefur verið tillit til úthlutaðra en óútgreiddra styrkja og væntanlegra niðurfellinga vegna áranna 2025 og 2026. Stjórn var sammála um að halda eigin fé sjóðsins um 50mkr. til að geta mætt óvæntum úthlutunum og brúað þungt sjóðstreymi sérsambanda snemma árs. Því væri óhætt að ganga á fé sjóðsins sem nemur um 70mkr.
Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði svipaðar og undanfarin ár eða um 692mkr. frá stjórnvöldum og um 100mkr. úr Lottó. Alls um 792mkr.
Væri því til ráðstöfunar fyrir úthlutun 862mkr. árið 2027.

2. **Afgangur hjá AMÍ 80mkr.**

KBÓ greindi frá því að óráðstafað fé hjá AMÍ væri um 80mkr. 60mkr. þar sem úthlutun starfslauna árið 2025 hefði tafist um hálft ár og 20mkr. minna hefði farið í rekstur og fagteymi AMÍ en áætlað hefði verið.
Rætt var um að rétt væri að skipta þessum 80mkr. á milli ASJ og kostnaðarþátttöku ungmenna. Tillaga þess eðlis verður líklega lögð fyrir framkvæmdastjórn í október af AMÍ. Verði það raunin samþykkti stjórn ASJ, til einföldunar, að 80mkr. yrði úthlutað úr ASJ í árslok 2026 og 40mkr. myndu færast úr ASJ í kostnaðarþátttöku ungmenna vegna ársins 2027.
Yrði þá mögueg úthlutun úr ASJ 2027 822mkr.

Fyrirkomulag á viðbótarúthlutun 2026 var rædd en ákvörðun bíður tillögu AMÍ og staðfestingar framkvæmdastjórnar.

3. **Starfslaun þjálfara færð til ASJ.**

KBÓ upplýsti að lagt yrði til við framkvæmdastjórn að fyrirkomulagi við úthlutun starfslauna afreksþjálfara yrði breytt og myndi ASJ framvegis úthluta vegna þeirra.
Við það myndu 15mkr. færast til ASJ.

Ræddar voru hugmyndir að fyrirkomulagi við úthlutun á þessum 15mkr. til afreksþjálfara.
Lagt fyrir KSR og KBÓ að koma með tillögu að fyrirkomulagi með hliðsjón af umræðu á fundinum.

Gangi allt að framansögðu eftir gerir stjórn ASJ ráð fyrir að auka úthlutun úr ASJ vegna 2026 um 80mkr. og að úthlutun vegna ársins 2027 yrði um 837mkr. (862-40+15).

4. **Fjárhæð í einstaklingsstyrki**

Umræða fór fram um fjárhæð einstaklingsstyrkja við úthlutun 2027. Stjórn samþykkti óbreytta fjárhæð eða að um 40mkr. yrði úthlutað í einstaklingsstyrki. Umræða fór fram um fyrirkomulag einstaklingsstyrkja. Hvort þeir ættu heima með starfslaunum eða í ASJ. Vegna ársins 2027 yrðu einstaklingsstyrkir áfram undir ASJ en til einföldunar yrði stefnt að því að tengja umsóknir um starfslaun við einstaklingsstyrki.

5. **Úthlutun 2027: Breytingar, viðmið, tímalína.**

Umræða fór fram um breytingar á reglum og viðmiðum vegna úthlutunar 2027. KSR lýsti áhyggjum sínum af því að úthlutun yrði ákvörðuð of seint. Stjórn var sammála um að fyrirsjáanleiki úthlutunar væri mikilvægur fyrir sérsambönd. Stefnt yrði að því að úthluta til tveggja ára. Ekki yrði farið í að breyta of miklu í reglum en stefnt yrði að því að vera fyrr með breytingar við næstu úthlutun en núna.
Lagt fyrir KSR að taka saman tillögur að breytingum á reglum og viðmiðum í samræmi við umræðuna og senda stjórn.

6. **Niðurfellingar 2025**

KSR upplýsti að yfirferð uppgjörs og ársreikninga með tilliti til afrekskostnaðar og sundurliðunar afreksþátta vegna ársins 2025 væri lokið hjá flestum sérsamböndum. Fimm sérsambönd hafa ekki skilað inn uppgjörum og hefur verið tilkynnt um að ekki verði frekari útgreiðslur úr sjóðnum til þeirra þangað til uppgjöri hefur verið skilað í samræmi við 24. gr. reglugerðar um ASJ.

Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

Sér	Heildarúthlutun	Tillaga að niðurfellingu	Lokaupphæð 2025	Skýring
AKÍS-A	2.212.000	445.986	1.766.014	V/hæfil.mótun
BFSÍ - B	25.894.472	255.000	25.639.472	V/dómara
BLÍ - Bl	14.066.460	210.000	13.856.460	105þ. v/dómara, 105þ. v/þjálfara
BSÍ - Ba	18.222.389		18.222.389	
BTÍ - Bo	3.437.643		3.437.643	
DSÍ - Da	16.734.377	6.690.045	10.044.332	894þ. v/HM/EM, 212þ. v/heilbr.teymi, 38þ. v/hæfil.mótun, 5,6m. v/65% reglu
FRÍ - Fr	42.556.467	0	42.556.467	Kostnaður til staðar
FSÍ - Fi	74.746.063	0	74.746.063	Kostnaður til staðar
GSÍ - G	46.720.514	2.183.755	44.536.759	V/umfangs
HNÍ - H	2.900.000	0	2.900.000	Kostnaður til staðar
HRÍ - Hj	5.301.109	0	5.301.109	Kostnaður til staðar
HSÍ - Ha	126.820.413		126.820.413	
ÍF - Íþr	36.693.131	1.412.192	35.280.939	1,1m. v/umfangs, 300þ. v/dómara
ÍHÍ - Ísh	20.232.844	0	20.232.844	171þ. v/heilbr.teymi, 56þ. v/dómara
ÍSS - Sk	3.768.654	0	3.768.654	Kostnaður til staðar
JSÍ - Júd	9.113.677	0	9.113.677	Kostnaður til staðar
KAÍ - Ka	7.839.503	0	7.839.503	Kostnaður til staðar
KÍ - Klif	10.735.923		10.735.923	
KKÍ - Kö	73.866.416	255.000	73.611.416	V/þjálfara
KLÍ - Ke	23.356.152	1.116.074	22.240.078	V/heilbr.teymis.
KRA - K	26.336.230	300.000	26.036.230	V/þjálfara
KSÍ - Kr	24.600.000	0	24.600.000	Kostnaður til staðar
LH - Lar	20.614.675	0	20.614.675	Kostnaður til staðar
LSÍ - Lyf	22.871.335	2.382.984	20.488.351	1,3m. v/hæfil.mótun, 405þ. v/umfangs, 329þ. v/heilbr.teymi, 203þ. v/dómara, 162þ. v/þjálfara.
MSÍ - M	4.171.886	0	4.171.886	Kostnaður til staðar
SÍL - Sig	3.060.490		3.060.490	
SKÍ - Sk	59.593.283		59.593.283	
SKY - Sl	12.580.032	177.730	12.402.302	V/umfangs
SSÍ - Su	49.805.677	0	49.805.677	Kostnaður til staðar
STÍ - Sk	17.492.909	1.757.828	15.735.081	1,2m. v/heilbr.teymis, 377þ. v/umfangs, 180þ. v/dómara.
TKÍ - Ta	7.351.226	0	7.351.226	Kostnaður til staðar
TSÍ - Te	3.648.286	125.000	3.523.286	V.hæfileikamótunar
ÞRÍ - Þr	5.986.556	0	5.986.556	Kostnaður til staðar
Samtal	823.330.792	17.311.594	806.019.198	

Niðurfellingar eru byggðar á fjárhagslegu uppgjöri afreksstarfs og ársreikningi auk skýringa sérsambanda.

Líkt og undanfarin ár eru til einföldunar, ekki felldir niður styrkir þar sem niðurfelling er undir 100þkr.

Alls er um 17,3mkr. niðurfellingar að ræða hjá þrettán sérsamböndum. Fjórtán sérsambönd eru ekki með neinar niðurfellingar. Eitt er í vinnslu. Fimm hafa ekki skilað uppgjöri.
Stjórn Afrekssjóðs leggur því til að fella niður afreksstyrki að fjárhæð kr. 17.311.594, skv. framangreindu.

7. **Önnur mál**
   Engin önnur mál.

   Fundi slitið kl. 12.59